

SVÆÐISSKIPULAG EYJAFJARÐAR 2012 - 2024

BREYTING VEGNA FLUTNINGSLÍNA RAFORKU – UMHVERFISSKÝRSLA

31. MARS 2020



Svæðisskipulagsnefnd Eyjafjarðar

© Svæðisskipulagsnefnd Eyjafjarðar 2020

Ljósmynd á forsíðu:

© Árni Ólafsson

Afritun einstakra hluta úr greinargerð þessari er leyfileg, enda sé þá getið heimildar. Afritun heilla kafla eða greinargerðarinnar í heild, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, er þó aðeins heimil að fengnu skriflegu leyfi rétthafa.

**TEIKNISTOFA
ARKITEKTA**
GYLFI GUDJÓNSSON
OG FÉLAGAR ehf.
arkitektar faí

Efnisyfirlit

1	Inngangur	4
1.1	Efnisatriði umhverfisskýrslu	4
1.2	Lokafrágangur umhverfisskýrslu	5
2	Viðfangsefni og stefna svæðisskipulags	6
2.1	Viðfangsefni.....	6
2.2	Staða.....	6
2.3	Breytt stefna svæðisskipulags - tillaga	7
2.3.1	Markmið	7
3	Tengsl við aðrar áætlanir	8
3.1	Helstu lagaákvæði	8
3.1.1	Skipulagslög nr. 123/2010	8
3.1.2	Lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.....	8
3.1.3	Raforkulög nr. 65/2003.....	8
3.2	Skipulagsáætlanir	9
3.2.1	Landsskipulagsstefna.....	9
3.2.2	Aðalskipulag sveitarfélaga	9
3.3	Landsáætlanir	13
3.3.1	Kerfisáætlun 2018-2027	13
3.4	Náttúruvernd.....	15
3.4.1	Fólkvangar	15
3.4.2	Aðrar náttúruminjar	16
3.4.3	Önnur náttúruvernd á skipulagssvæði svæðisskipulagsins	16
3.5	Stefna stjórnvalda um lagningu raflína	18
3.5.1	Þingsályktanir um stefnu stjórnvalda um lagningu raflína.....	18
3.5.2	Stjórnarsáttmáli 2017.....	21
3.6	Aðrar áætlanir	22
3.6.1	Orkustefna fyrir Ísland.....	22
3.6.2	Sóknaráætlun Norðurlands Eystra 2015-2019	22
3.6.3	Ályktun Eyþings 2017.....	22
3.6.4	Bókun bæjarstjórnar Akureyrar 18. júní 2019.....	22
3.7	Önnur gögn.....	23
3.7.1	Öryggismál Akureyrarflugvallar	23
4	Áhrif á umhverfi og samfélag	25
4.1	Hólasandslína 3	25
4.2	Blöndulína 3.....	25
5	Vöktun og mótvægisáðgerðir	27
6	Samantekt	28

1 INNGANGUR

1.1 EFNISATRIÐI UMHVERFISSKÝRSLU

Ákvæði um flutningslínur raforku í svæðisskipulagi eiga við framkvæmdir sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Þar með heyrir breyting á Svæðisskipulagi Eyjafjarðar 2012-2024, þar sem kafli um flutningslínur raforku er endurskoðaður, undir ákvæði laga um umhverfismat áætlana nr. 2015/2006 og skal umhverfisskýrsla, þar sem fram kemur mat á umhverfisáhrifum áætlunarinnar, vera hluti skipulagstillögunnar. Umhverfisskýrsla þessi er fylgiskjal með tillögu um breytingu á svæðisskipulaginu.

Umhverfisskýrsla skal hafa að geyma þær upplýsingar sem sanngjarnt er að krefjast að teknu tilliti til þeirrar þekkingar sem er til staðar, þekktra matsaðferða, efnis og nákvæmni áætlunarinnar. Skv. 6. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/ 2006 skulu eftirtalin atriði koma fram í umhverfisskýrslu:

- a) yfirlit yfir efni og helstu stefnumið viðkomandi áætlunar og tengsl hennar við aðra áætlanagerð,
- b) lýsing á þeim þáttum í umhverfinu sem skipta máli varðandi efni og landfræðilegt umfang áætlunarinnar og umfjöllun um líklega þróun þess án framfylgdar viðkomandi áætlunar,
- c) lýsing á þeim umhverfisþáttum sem líklegt er að verði fyrir verulegum áhrifum af framkvæmd áætlunarinnar,
- d) lýsing á umhverfisvandamálum sem varða áætlunina, sérstaklega sem varða svæði sem hafa sérstakt náttúruverndargildi,
- e) upplýsingar um umhverfisverndarmarkmið sem stjórnvöld hafa samþykkt og varða áætlunina og umfjöllun um hvernig tekið hefur verið tillit til þeirra og annarra umhverfissjónarmiða við gerð áætlunarinnar,
- f) skilgreining, lýsing og mat á líklegum verulegum umhverfisáhrifum af framkvæmd áætlunarinnar og raunhæfra valkosta við áætlunina, að teknu tilliti til markmiða með gerð áætlunarinnar og landfræðilegs umfangs hennar,
- g) upplýsingar um aðgerðir sem eru fyrirhugaðar til að koma í veg fyrir, draga úr eða vega upp á móti verulegum neikvæðum umhverfisáhrifum af framkvæmd áætlunarinnar,
- h) yfirlit yfir ástæður þess að kostirnir, sem um er að ræða, voru valdir og lýsing á því hvernig matið fór fram, þ.m.t. um erfiðleika, svo sem tæknilega erfiðleika og skort á upplýsingum eða þekkingu við að taka saman þær upplýsingar sem krafist var,
- i) hvernig hagað skuli vöktun vegna líklegra verulegra umhverfisáhrifa af framkvæmd áætlunar komi hún eða einstakir þættir hennar til framkvæmda,
- j) samantekt staflaða a–i.

Þessi atriði má taka saman á einfaldari hátt:

- Gera þarf grein fyrir meginatriðum, viðfangsefni, stefnu og markmiðum með áætluninni (2. kafli)
- Gera grein fyrir helstu forsendum, þar á meðal tengslum við aðrar áætlanir og stefnumið stjórnvalda (3. kafli)
- Gera grein fyrir því hvaða þættir áætlunarinnar kunni að hafa áhrif á umhverfi og samfélag (4. kafli)

- Greina og bera saman áhrif ólíkra kosta (verður gert í mati á umhverfisáhrifum Blöndulínu 3. Hefur verið gert í umhverfismati Hólasandslínu 3).
- Gera grein fyrir því hvaða umhverfisþættir kunni að verða fyrir neikvæðum áhrifum af framfylgd áætlunarinnar (4. kafli).
 - Gera grein fyrir viðmiðum við mat á áhrifum á umhverfisþætti.
- Gera grein fyrir hugsanlegri vöktun og mótvægisáðgerðum (5. kafli).
- Samantekt, niðurstaða (6. kafli).

1.2 LOKAFRÁGANGUR UMHVERFISSKÝRSLU

Við lokafrágang voru eftirtaldar lagfæringar gerðar á umhverfisskýrslunni:

- Bætt er við vísun í nýsamþykktu Kerfisáætlun Landsnets 2019-2028 sem samþykkt var eftir að breytingartillagan var auglýst. Breytingar á áætluninni frá þeirri, sem miðað var við, snerta ekki viðfangsefni svæðisskipulagsbreytingarinnar. Tilvísanir eru því áfram í kerfisáætlun 2018-2027.
- Yfirlit yfir náttúruverndarsvæði er uppfært en áður hafði svæði 505 Hraunsvatn og Vatnsdalur verið fellt undir fólkvanginn að Hrauni í Öxnadal þar sem um sama svæði er að ræða að mestu leyti.
- Í kafla 3.5.1 er bætt við vísun í stefnumótun um uppbyggingu raforkukerfisins.

2 VIÐFANGSEFNI OG STEFNA SVÆÐISSKIPULAGS

2.1 VIÐFANGSEFNI

Viðfangsefni umhverfisskýrslunnar er mat á breytingu á Svæðisskipulagi Eyjafjarðar 2012-2024. Breytingin á við stefnu svæðisskipulagsins um flutningslínur raforku, þ.e. endurnýjun Byggðalínu frá Blönduvirkjun að Kröflu; Blöndulínu 3 og Hólasandslínu 3. Gert er ráð fyrir að þær verði 220 kV línur, að mestu loftlínur og að hluta jarðstrengir. Línuleiðin liggur frá Öxnadalshéiði til Akureyrar, þaðan austur yfir Hólmana í Eyjafirði og loks yfir Vaðlaheiði yfir í Fnjóskadal. Línan liggur um sveitarfélögin Hörgársveit, Akureyrarkaupstað og Eyjafjarðarsveit.

HÓLASANDLÍNA 3

Fyrir liggja ákvarðanir um legu og útfærslu Hólasandslínu 3 í staðfestu aðalskipulagi Akureyrar og Eyjafjarðarsveitar. Þar er gert ráð fyrir að línan verði lögð sem jarðstrengur frá tengivirki ofan Akureyrar suður fyrir Akureyrarflugvöll og upp fyrir byggð í Eyjafjarðarsveit en þaðan sem loftlína austur yfir Vaðlaheiði. Fyrir liggur mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar (Landsnet mars 2019) og álit Skipulagsstofnunar um það (september 2019). Þar er gerð grein fyrir þeim valkostum, sem til álita komu við hönnun línunnar. Mat á umhverfisáhrifum Hólasandslínu 3 verður ekki endurtekið í svæðisskipulagi Eyjafjarðar.

BLÖNDULÍNA 3

Fyrir liggja drög að hönnun Blöndulínu 3 og mat á umhverfisáhrifum hennar, sem unnið var 2012. Ekki hefur náðst samkomulag um þá tillögu/útfærslu. Unnið er að nýju mati á umhverfisáhrifum línunnar og verður hönnun línunnar, lega og útfærsla endurskoðuð með hliðsjón af því. Í tillögu að breyttu svæðisskipulagi er lagt til að sett verði stefna um að Blöndulína 3 verði lögð og upphafs- og endapunktur hennar skilgreindir (Öxnadalshéiði – Akureyri). Útfærsla, þ.e. línuleið, gerð, afstaða til byggðar og umfang jarðstrengja er ekki viðfangsefni svæðisskipulagsins. Þeir þættir verða ákvarðaðir á lægri skipulagsstigum og útfærðir í hönnun sem unnin verður með hliðsjón af mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar, valkostagreiningu og aðalskipulagi sveitarfélaga í samræmi við stefnu svæðisskipulagsins. Umhverfiáhrif Blöndulínu 3 verða því ekki metin í svæðisskipulagi Eyjafjarðar umfram ágríp í kafla 4.2.

2.2 STAÐA

Í Raforkuspá 2018-2050 er að finna spá um aukningu í almennri raforkunotkun eftir landshlutum. Þar er gert ráð fyrir um 11% aukningu á notkun á Norðurlandi öllu á tímabilinu. Miðað við nákvæmari gögn frá Landsneti má búast við um 25% aukningu á almennri notkun á Eyjafjarðarsvæðinu á sama tímabili. Ekki er reiknað með aukningu hjá stórnotendum í þeim reikningum. Ekki er svigrúm í flutningskerfi raforku eins og það er nú til þess að afhenda þessa aukningu. Styrking meginflutningskerfisins er forsenda þess að spáin geti ræst.¹

Flutningsgeta 220 kV línu í meginflutningskerfinu verður ekki fullnýtt á næstu árum en við uppbyggingu kerfisins þarf að horfa til langs tíma, líkt og gert var við uppbyggingu byggða-línunnar. Með fjölgun íbúa og vexti atvinnulífs sem henni fylgir, mun nýting á flutningsgetu nýrra 220 kV lína aukast jafnt og þétt næstu áratugina.

¹ Raforkuspá 2018-2050. Orkusparnefnd. Orkustofnun. Ágúst 2018. Einnig tölulegar upplýsingar frá Landsneti í tölvupósti 28. mars 2019.

Í samþykktri Kerfisáætlun Landsnets 2018-2027, eru skoðaðar og lagt mat á tvær meginleiðir til að byggja upp meginflutningskerfið. Önnur byggir á tengingu yfir miðhálandið (A valkostir) og hin á styrkingu meðfram núverandi byggðalínu (B valkostir). Niðurstaða úr skoðun þessara valkosta er að æskilegast sé að fullklára þær línulagnir sem eru sameiginlegar þessum tveimur meginleiðum á því tímabili sem áætlunin nær yfir. Á Norðurlandi eru þrjár línur sem eru sameiginlegar framangreindum meginleiðum kerfisáætlunar. Það eru Kröflulína 3 milli Kröflu og Fljótsdals, Hólasandslína 3 milli Akureyrar og Kröflu og Blöndulína 3 milli Blöndu og Akureyrar.²

2.3 BREYTT STEFNA SVÆÐISSKIPULAGS - TILLAGA

2.3.1 MARKMIÐ

- **Tryggja skal flutningsleiðir raforku að Eyjafirði og milli landshluta til þess að sjá almenningi og atvinnulífi fyrir nægri orku til daglegra nota.**
 - Í aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélaga skal gera ráð fyrir Blöndulínu 3 og Hólasandslínu 3.
 - Hólasandslína 3, ný flutningslína með 220 kV spennu eða hærri, mun liggja frá Akureyri austur yfir Hólmana í Eyjafirði og yfir Vaðlaheiði í Fnjóskadal.
 - Lega og útfærsla Blöndulínu 3, nýrrar flutningslínur með 220 kV spennu eða hærri milli Blöndustöðvar og Akureyrar, verður byggð á valkostagreiningu og umhverfismati sem framkvæmdaaðili (Landsnet) mun vinna í samráði við heimamenn, landeigendur og sveitarstjórnir. Lega og útfærsla verður ekki skilgreind nánar í svæðisskipulagi Eyjafjarðar heldur í aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélaga.
- **Lega og gerð flutningslína raforku skal taka mið af umhverfi, flugöryggi og verndun góðs ræktunarlands.**
 - Tekið skal mið af þingsályktunum um stefnu stjórnvalda um lagningu raflína, sem samþykktar voru á Alþingi 28. maí 2015 (nr. 11/144) og 11. júní 2018 (nr. 26/248).
 - Vegna nálægðar við þéttbýli á Akureyri, línuleiðar um Hólma Eyjafjarðarár, sem eru á náttúruminjasrá, og nálægðar við Akureyrarflugvöll skal gera ráð fyrir að Hólasandslína 3 verði lögð sem jarðstrengur frá tengivirki ofan Akureyrar suður fyrir Akureyrarflugvöll og upp fyrir byggð í Kaupvangssveit.
 - Nýta skal þá möguleika sem kostur er á m.t.t. tæknilegra og efnahagslegra forsendna til þess að leggja hluta Blöndulínu 3 sem jarðstreng t.d. vegna þrengsla við núverandi byggð og býli og/eða vegna skilgreindrar náttúruverndar þar sem það á við.
 - Til þess að tryggja hámarksöryggi við Akureyrarflugvöll skal Kröflulína 1 (núverandi 132 kV loftlína) lögð í jörð sunnan flugvallarins á skipulagstímabilinu og Laxárlína (66 kV loftlína) lögð af þegar Hólasandslína 3 verður tekin í notkun. Til mótvægis við nýjar flutningslínur skal áfram unnið að breytingum á núverandi flutningslínunum og dreifikerfi raforku, m.a. með því að leggja línur í jörð.

² Landsnet, Efla verkfræðistofa. Mars 2019. Hólasandslína 3. 220 kV raflína frá Akureyri að Hólasandi. Matsskýrsla. Bls. 6.

3 TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

Hér er gerð grein fyrir ákvæðum, áætlunum og stefnuskjölum, sem máli skipta fyrir breytingu svæðis- skipulagsins og samhengi þeirra við skipulagið.

3.1 HELSTU LAGAÁKVÆÐI

Samantekt nokkurra atriða í lögum og áætlunum, sem eiga beint við fyrirhugaða breytingu á svæðisskipulagi.

3.1.1 SKIPULAGSLÖG NR. 123/2010

Úr 21. gr. skipulagslaga:

Svæðisskipulag er skipulagsáætlun tveggja eða fleiri sveitarfélaga þar sem sett er fram sameiginleg stefna þeirra um byggðapróun og þá þætti landnotkunar sem þörf er talin á að samræma vegna sameiginlegra hagsmuna hlutaðeigandi sveitarfélaga.

Við gerð svæðisskipulags skal byggt á markmiðum laga þessara og landsskipulagsstefnu.

Áformuð breyting á svæðisskipulagi er unnin í samræmi við ákvæði og markmið skipulagslaga.

3.1.2 LÖG UM UMHVERFISMAT ÁÆTLANA NR. 105/2006

Úr 3. gr. Gildissvið:

Ákvæði laga þessara gilda um umhverfismat þeirra skipulags- og framkvæmdaáætlana og breytinga á þeim sem marka stefnu er varðar leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000.

6. gr. Umhverfisskýrsla.

Umhverfisskýrsla skal hafa að geyma þær upplýsingar sem sanngjarnt er að krefjast að teknu tilliti til þeirrar þekkingar sem er til staðar, þekktara matsaðferða, efnis og nákvæmni áætlunarinnar og stöðu áætlunarinnar í stigskiptri áætlanagerð. Þá skal í umhverfisskýrslu koma fram að hve miklu leyti betur á við að fjalla um tiltekin umhverfisáhrif á síðari stigum áætlanagerðar til að forðast endurtekningar sama mats.

Umhverfismat áætlunar skal sett fram í umhverfisskýrslu sem verið getur hluti af greinargerð með áætluninni. Í umhverfisskýrslu skal gera grein fyrir niðurstöðu matsins og forsendum þess. Samráð skal haft við Skipulagsstofnun þegar tekin er ákvörðun um umfang og nákvæmni upplýsinga í umhverfisskýrslunni. (Sjá stafliði a-j í kafla 2.1).

Umhverfisskýrsla er unnin í samræmi við lögin á þann hátt sem talið er sanngjarnt að krefjast m.t.t. nákvæmni og stöðu áætlunarinnar. Verkið er sértakt að því leyti að annars vegar liggur fyrir mat á umhverfisáhrifum annarrar línunnar, sem gert er ráð fyrir í breyttu skipulagi, og hins vegar er vísað í matsgerð og staðarvalsgreiningu, sem er framundan fyrir hina línuna. Umhverfismat áætlunarinnar er því ágripskennt í samræmi við þá stöðu.

3.1.3 RAFORKULÖG NR. 65/2003

Úr I. kafla; Markmið og gildissvið:

1. gr. Markmið.

Markmið laga þessara er að stuðla að þjóðhagslega hagkvæmu raforkukerfi og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu. Í því skyni skal:

...

2. Stuðla að skilvirkni og hagkvæmni í flutningi og dreifingu raforku.
3. Tryggja öryggi raforkukerfisins og hagsmuni neytenda.

Áformuð breyting tekur mið af markmiðum raforkulaga um öryggi raforkuafhendingar, hagkvæmni uppbyggingar flutningskerfisins og að tryggja hagsmuni neytenda.

3.2 SKIPULAGSÁÆTLANIR

3.2.1 LANDSSKIPULAGSSTEFNA

Eftirtalin atriði í landsskipulagsstefnu eiga beinlínis við um viðfangsefni svæðisskipulagsbreytingarinnar. Vísað er í kaflanúmer í landsskipulagsstefnu (kaflanúmer úr Landsskipulagsstefnu).

2.5 ORKUMANNVIRKI OG ÖRUGG AFHENDING RAFORKU Í SÁTT VIÐ NÁTTÚRU OG UMHVERFI.

Skipulag gefi kost á að nýta orkulindir í dreifbýli með sjálfbærni og umhverfisvernd að leiðarljósi. Jafnframt gefi skipulag kost á uppbyggingu flutningsmannvirkja raforku sem tryggi örugga afhendingu raforku. Mannvirki vegna orkuvinnslu og orkuflutnings falli sem best að landslagi og annarri landnotkun.

2.5.1 ORKUNÝTING OG RAFORKUFLUTNINGUR Í SKIPULAGSÁÆTLUNUM.

Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði tekin afstaða til möguleika á orkuframleiðslu með vatnsaflri, jarðvarma og vindorku í sátt við náttúru og samfélag. Skipulagsákvæðanir um raforkuflutningsmannvirki geri kleift að tryggja örugga afhendingu raforku, um leið og tekið er tillit til áhrifa á náttúru og landslag. Við skipulagsákvæðanir um nýja orkuvinnslukosti og lagningu raflína verði lagt mat á umhverfisáhrif, þar á meðal sjónræn áhrif, og leitast við að velja þann kost sem valdi minnstum neikvæðum umhverfisáhrifum.

3.4.1 ÖFLUGIR INNVIÐIR.

Skipulagsgerð sveitarfélaga stuðli að uppbyggingu atvinnulífs til framtíðar, með áherslu á gæði í hinu byggða umhverfi og öflugum innviðum. Sérstaklega verði hugað að fjölbreytni atvinnulífs með tilliti til þols gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum. Skipulagsákvæðanir um raforkuflutningsmannvirki geri kleift að tryggja örugga afhendingu raforku, um leið og tekið er tillit til áhrifa á landslag og aðra landnotkun.

Áformuð breyting á svæðisskipulagi miðar að því að tryggja örugga afhendingu orku um leið og tekið er tillit til áhrifa á umhverfi og samfélag. Áætlunin styður stefnu um orkumannvirki og örugga afhendingu raforku í sátt við náttúru og umhverfi, orkunýtingu og raforkuflutning í skipulagsáætlunum og öflugum innviði.

3.2.2 AÐALSKIPULAG SVEITARFÉLAGA AÐALSKIPULAGS HÖRGÁRSVEITAR 2012-2024

Stefnt er að því að öll byggð njóti raftengingar og að raforkumannvirki verði í sátt við samfélag og náttúru.

Í skipulaginu segir ennfremur:

Tryggt sé að markmið skipulagsreglugerðar nr. 90/2013, um að skynsamleg og hagkvæm nýting lands og landsgæða sem tryggi vernd landslags, náttúru og menningarverðmæta og komi í veg fyrir umhverfisspjöll, séu höfð að leiðarljósi við skipulag slíkra mannvirkja. Einnig er það markmið, að tryggt sé að réttur einstaklinga og lögaðila verði ekki fyrir borð borinn þó svo að hagsmunir heildarinnar verði hafðir að leiðarljósi. Mikilvægt er að slíkt skipulag/framkvæmd hafi sem jákvæðust áhrif á samfélagið í Hörgársveit.

Um sveitarfélagið liggja nú þegar tvær stórar háspennulínur, Dalvíkurlína og Rangárvallalína, báðar með flutningsgetu að 132 kV spennu. Vilji er hjá sveitarfélaginu fyrir frekari raforkuflutningi með þeim skilyrðum að lega og gerð raflína taki mið af umhverfi, öryggi og verndun ræktunarlands og verði lagðar í jörðu.

Samkvæmt ofangreindri stefnu sveitarfélagsins um raflínur þá er Blöndulína 3 ekki sýnd á skipulagsupprætti þar sem ekki eru forsendur á þessu stigi til þess að ganga frá legu hennar og gerð, sbr. gildandi svæðisskipulag Eyjafjarðar. Þegar ákvörðun um lagningu Blöndulínu 3 hefur verið tekin í fullu samráði við sveitarstjórn og landeigendur og tryggt að gerð og lega hennar taki mið af umhverfi, almennu öryggi og verndun góðs ræktarlands, verði aðalskipulagi breytt.

Í aðalskipulaginu eru settir fram til samanburðar þrjú valkostir fyrir rafveitu: nýjar raflínur, jarðstrengur og núllkostur. Niðurstaða valkostagreiningar leiðir í ljós að hagkvæmast er að leggja línur meðfram núverandi raflínunum þar sem meiri kostnaður felst í lagningu jarðstrengs og núllkostur er ekki í samræmi við stefnu sveitarstjórnar. Ekki er sett fram stefna um Blöndulínu 3 í greinargerð aðalskipulagsins en stefna sveitarfélagsins er að flutningslínur raforku verði í jörðu.

Blöndulína 3 er ekki sýnd á aðalskipulagsupprætti. Stefna sveitarfélagsins er að flutningslínur raforku verði í jörðu. Stefnit er á að aðalskipulagi verði breytt þegar ákvörðun um lagningu Blöndulínu 3 hefur verið tekin í samráði við sveitarstjórn og landeigendur og tryggt að gerð og lega hennar taki mið af umhverfi, almennu öryggi og verndun góðs ræktarlands.

Breytt svæðisskipulags gerir ráð fyrir að Blöndulína 3 verði lögð en lega og útfærsla verði ákvörðuð í aðalskipulagi sveitarfélaga. Niðurstaða um línuleið kallar ekki á breytingu á svæðisskipulagi.

AÐALSKIPULAG AKUREYRAR 2018-2030

Eftirfarandi greinargerð og stefna Akureyrarbæjar kemur fram í kafla 2.1.27 í aðalskipulagsgreinargerð.

2.1.27 VEITUR: FRÁVEITA, VATNSVEITA, HITAVEITA, RAFMAGN, FJARSKIPTI.

Rafmagn:

Kröfur Akureyrar

Stefna Akureyrarkaupstaðar er að allar raflínur í bæjarlandinu verði lagðar í jörð á fyrri hluta skipulagstímabilsins. Krafa Akureyrar er að allar loftlínur sunnan Rangárvalla verði þá lagðar í jörð, með sérstakri áherslu á allar loftlínur þvert á stefnu flugbrauta flugvallarins.

Flutningskerfið

Raforka er leidd til bæjarins að tengivirki á Rangárvöllum. Þangað liggja tvær 132 kV háspennulínur Landsnets, sem eru hluti af svokallaðri byggðalínu Landsnets, Rangárvallalína 1 frá Varmahlíð og Kröflulína 1 frá Kröfluvirkjun, sem báðar eru loftlínur. Fyrir línurnar er skilgreint 40 m breitt helgunarsvæði.

Línur Landsnets.

Landsnet áformar að byggja nýja 220 kV háspennulínu, Blöndulínu 3, að Kífsá eða Rangárvöllum og Hólasandslínu 3 frá Rangárvöllum til Hólasands í Þingeyjarsýslu. Að sögn Landsnets liggur ekki endanlega fyrir hvort Blöndulína 3 tengist Kífsá eða Rangárvöllum. Landsnet reiknar með að þetta verði loftlína. Framkvæmdin hefur farið í gegnum umhverfismat en strandað á skipulagsmálum síðustu ár.

Í drögum að Kerfisáætlun 2016-2025 er Hólasandslína 3, frá Akureyri að Hólasandi ein af þeim línuleiðum sem eru sameiginlegar þeim fjórum valkostum sem taldir eru uppfylla markmið raforkulaga. Í áætluninni er ráðgert er að framkvæmdir við línuna hefjist árið 2019. Um er að ræða nýbyggingu 220 kV háspennulínu, og flutningsgeta línunnar verður að lágmarki 550 MVA. Línuleiðin er 70 - 80 km, mislöng eftir valkostum og er að miklu leyti samhliða núverandi línu Kröflulínu 1, sem áætlanir Landsnets gera ráð fyrir að muni standa áfram. Þrír kostir eru í mati á umhverfisáhrifum framkvæmda, loftlínukostur frá Kífsá til suðurs og yfir Eyjafjörð í Eyjafjarðarsveit, ásamt tveimur jarðstrengskostum frá Rangárvöllum, áfram ofan hesthúsahverfisins Breiðholts, inn fyrir Naustaflóa, önnur þaðan gegnum Kjarnaskóg inn fyrir flugbraut, og hin beint til austurs og inn fyrir flugbraut. Síðar nefnda jarðstrengsleiðin er sá kostur sem skipulagsyfirvöld Akureyrar velja fremst, og hann virðist einnig hugnast Landsneti. Mikilvægt er að hafa í huga að vegna tæknilegra takmarkana er að hámarki hægt að leggja 12 km af heildarlengd línunnar í jörðu og taka jarðstrengsvalkostir mið af því. Það er stefna Akureyrar að sá hluti Hólasandslínu sem fer gegnum Akureyri verði lagður í jörðu, og því er aðeins sá valkostur sýndur á skipulagsupprætti. Verði heildarniðurstaða sú að loftlínukostur frá Kífsá til suðurs og yfir Eyjafjörð í Eyjafjarðarsveit verði fyrir valinu kallar það á breytingu á aðalskipulaginu með tilheyrandi stjórnsýslumeðferð.

Rangárvallalína 1 var tekin í notkun 1974, og að sögn Landsnets ræðst framtíð hennar af uppbyggingu flutningskerfisins á Norðurlandi. Landsnet hefur engin áform um að leggja hana í jarðstreng. Kröflulína 1 var tekin í notkun 1977 og líftími áætlaður 50-60 ár. Landsnet gerir ráð fyrir að hún verði í notkun enn um sinn, en ekki liggja fyrir hvort þurfi að endurnýja hana að líftíma liðnum, né með hvaða hætti það verði gert. Hér er gerð krafa um að leggja hana í jörðu í bæjarlandinu á fyrri hluta skipulagstímabilsins, m.a. vegna flugöryggis, útivistarsvæða, tjaldsvæða og atvinnustarfsemi við Rangárvelli. Hugsanlegt væri að framkvæma það samhliða jarðstrengslögn vegna Hólasandslínu 3. Línan liggur gegnum tjaldsvæðið á Hömrum, en deiliskipulag fyrir Hamra og Kjarnaskóg kveður á um að Kröflulína 1 verði aflögð fyrir árið 2020. Deiliskipulag Rangárvalla kveður einnig á um að Kröflulína 1 verði lögð í jörðu.

Akureyrarkaupstaður gerir þá kröfu að báðar ofantaldar línur verði lagðar í jörðu vegna flugöryggis, ásamt nálægðar við þéttbýli og útivistarsvæði.

....

Laxárlína 1 er 66 kV loftlína sem liggur frá Laxárvirkjun að Rangárvöllum. Hún á eftir 7 ára líftíma, en hverfur þegar Hólasandslína 3 kemur. Hún er sýnd sem loftlína sem verður fjarlægð á skipulagtímanum. Frá Rangárvöllum til Dalvíkur liggur Dalvíkurlína1, sem er 66kV loftlína í eigu Landsnets. Helgunarsvæði línanna er 25 metrar.

Áformuð breyting á svæðisskipulagi er í samræmi við aðalskipulag Akureyrar.

AÐALSKIPULAG EYJAFJARÐARSVEITAR 2018-2030

Aðalskipulag Eyjafjarðarsveitar 2018-2030 var staðfest 12. mars 2019. Á aðalskipulagsupprætti er gert ráð fyrir Hólasandslínu 3 sem jarðstreng yfir Hólmana og upp fyrir Kaupang en loftlínu þaðan yfir Bíldsárskarð. Í greinargerð eru eftirfarandi ákvæði:

8.4 RAFVEITA (R)

Almenn ákvæði:

- Sveitarstjórn er jákvæð gagnvart virkjun vatnsorku á svæðinu þar sem hagkvæmni og aðstæður leyfa, enda verði öllum skilyrðum laga og reglna um slíkar framkvæmdir fullnægt.
- Raflínur í sveitarfélaginu verði að jafnaði lagðar í jörðu.
- Raflínur valdi sem minnstum spjöllum á landbúnaðarsvæðum, útivistarsvæðum og verndarsvæðum, þar sem þær verða til frambúðar.
- Stuðlað verði að því að heimtaugar verði í jarðstrengjum.
- Stefnt er á að öll heimili í sveitarfélaginu hafi þriggja fasa rafmagn.
- Lögð er áhersla á að nægileg raforka sé til staðar í sveitarfélaginu til að fullnægja atvinnuuppbyggingu.
- Stefnt er á að fullnægjandi raforka sé til staðar í sveitarfélaginu til að mögulegt sé að hlaða rafbíla, sérstaklega í Hrafnagilshverfi og á öðrum þéttbýliskjörnum.
- Stefnt er að því að Kröflulína 1 og Laxárlína 1 verði lagðar í jörð á skipulagstímabilinu.

Tvær stofnlínur fara um Eyjafjarðarsveit norðanverða og eru þær eftirfarandi:

- Kröflulína 1 er 132 kV loftlína í eigu Landsnets sem liggur frá Kröfluvirkjun að Akureyri. Línan er byggð 1975 og líftími áætlaður 50-60 ár. Helgunarsvæði línunnar er 40 metrar. Landsnet stefnir að því að hún endist líftíma sinn.
- Laxárlína 1 er 66 kV loftlína í eigu Landsnets, sem liggur frá Laxárvirkjun að Akureyri.

Landsnet stefnir á að leggja 220 kV háspennulínu frá Akureyri að Hólasandi (Hólasandslína 3). Gert er gert ráð fyrir háspennulínu þessari í aðalskipulagi og skal háspennulínan lögð í jörð frá sveitarfélagsmörkum við Akureyri og til austurs upp fyrir ræktað land í Vaðlaheiði, en þaðan sem loftlína yfir Vaðlaheiði. Gert er ráð fyrir að háspennulínan verði í landi Kaupangs og liggi meðfram gamla þjóðveginum vestan Eyjafjarðarbrautar eystri en sú staðsetning sem sýnd er á skipulagsupprætti austan Eyjafjarðarbrautar eystri gæti breyst þar sem Landsnet og landeigendur í Kaupangi hafa ekki samið um legu línunnar.

Áformuð breyting á svæðisskipulagi er í samræmi við aðalskipulag Eyjafjarðarsveitar. Hólasandslína 3 er skilgreind í aðalskipulaginu.

Lega og gerð Blöndulínu 3 verður ákveðin með hliðsjón af mati á umhverfisáhrifum línunnar og valkostagreiningu. Nokkrir valkostir, sem til skoðunar koma, liggja um Eyjafjarðarsveit og er þeirra ekki getið í aðalskipulagi sveitarfélagsins.

3.3 LANDSÁÆTLANIR

3.3.1 KERFISÁÆTLUN 2018-2027³

Í Kerfisáætlun 2018-2027 – langtímaáætlun, sem samþykkt hefur verið af Orkustofnun, er gerð grein fyrir flutningslínun milli Blöndustöðvar og Fljótsdals, þ.e. Blöndulínu 3, Hólasandslínu 3 og Kröflulínu 3. Gerð er ítarleg grein fyrir Hólasandslínu 3 í framkvæmdaáætlun kerfisáætlunarinnar en Blöndulína 3 er ekki í framkvæmdaáætlun 2018. Þar er tekið fram að hún tengist hönnun og lagningu Hólasandslínu 3 þar sem lengd jarðstrengja, sem er takmörkunum háð, skuli metin heildstætt fyrir báðar línurnar. Í kerfisáætlun 2018 koma m.a. fram eftirfarandi meginatriði um Hólasandslínu 3 (kaflanúmer eru úr kerfisáætlun):

2.5 FRAMKVÆMDIR 2019

2.5.1 Hólasandslína 3

Fyrirhuguð er bygging nýrrar 220 kV háspennulínu í meginflutningskerfinu á Norðurlandi. Línan, sem mun hljóta nafnið Hólasandslína 3, verður að hluta loftlína og að hluta lögð sem jarðstrengur og mun hún liggja á milli Akureyrar og Hólasands. Einnig inniheldur framkvæmdin byggingu á nýju 220 kV tengivirki á Hólasandi, ásamt byggingu á nýju 220 kV tengivirki á Akureyri sem mun tengjast núverandi 132 kV virki. Tengivirkið á Rangárvöllum mun innihalda 220/132 kV aflspenni og spólu til útjöfnunar á launafli frá jarðstrengshluta línunnar.

3.5 FRAMKVÆMDIR 2019

3.5.1 Hólasandslína 3

...

Markmiðið með byggingu Hólasandslínu 3 er að bæta flutningsgetu til þess að geta tekist á við aukna flutningsþörf í kerfinu, en línan er ein af þremur lykilfjárfestingum á Norður- og Austurlandi, sem lýst er í langtímaáætlun. Meginmarkið þeirra er að bæta flutningsgetu meginflutningskerfisins á byggðalínusvæðinu og auka þannig afhendingargetu allra afhendingarstaða á landsbyggðinni, en Hólasandslína 3 er mikilvægur hlekkur í styrkingu tengsla sterkari hluta kerfisins á suðvesturhorninu við veikari hluta þess á Norðausturlandi. (sjá nánar í kafla 5.1.1 í langtímaáætlun). Gert er ráð fyrir talsverðri aukningu í notkun á raforku á landsvísi yfir líftíma línunnar. Forsendur aukningar á raforkunotkun byggja á Raforkuspá ásamt Sviðsmyndum um raforkunotkun 2017-2050, gefin út af Raforkuhópi orkusparnefndar. Fjallað er nánar um forsendur framkvæmda í meginflutningskerfinu í langtímaáætlun kerfisáætlunar í kafla 1.5 og kafla 2. Einnig er það markmið með framkvæmdinni að tryggja stöðugleika raforkukerfisins á Norður- og Austurlandi gegn truflunum í orkuvinnslunni og að bæta úr brýnni þörf fyrir aukna flutningsgetu inn á Eyjafjarðarsvæðið.

Í dag er Akureyri tengd við Kröflu með 132 kV háspennulínu, Kröflulínu 1, sem er hluti af byggðalínuhringnum. Flutningstakmarkanir og óstöðugleiki í kerfisrekstrinum hefur verið mikið vandamál í rekstri byggðalínunnar og eru skerðingar á orkuafhendingu farnar að vera tíðari með auknu álagi á kerfið. Nú er svo komið að flutningstakmarkanir á byggðalínunni eru farnar

³ Kerfisáætlun Landsnets 2018-2027 var í gildi við vinnslu skipulagstillögunnar. Kerfisáætlun 2019-2028 tók gildi í febrúar 2020. Breytingar á áætluninni frá þeirri, sem miðað var við, snerta ekki viðfangsefni svæðisskipulags-breytingarinnar. Tilvísanir eru því áfram í kerfisáætlun 2018-2027.

að hamla verulega atvinnuuppbyggingu á Eyjafjarðarsvæðinu og hafa þannig áhrif á eðlilega þróun á svæðinu.

Þegar línan er komin í rekstur mun afhendingaröryggi á Eyjafjarðarsvæðinu aukast til muna þar sem við bætist ný og öflug tenging inn á svæðið sem einnig mun gefa möguleika á aukinni notkun innlendra endurnýjanlegra orkugjafa á svæðinu.

Uppruni verkefnis

Uppruni verkefnisins er langtímaáætlun kerfisáætlunar. Hólasandslína 3 er ein af þeim sjö línum sem eru sameiginlegar öllum greindum valkostum í langtímaáætlun um þróun meginflutningskerfisins. Það er niðurstaða Landsnets, með tilliti til valkostagreiningar í langtímaáætlun og umhverfismats áætlunarinnar að ráðast fyrst í framkvæmdir á þeim sjö línuleiðum sem eru sameiginlegar í öllum valkostum og er Hólasandslína 3 önnur í röðinni af línum á Norður- og Austurlandi, á eftir Kröflulínu 3, en áætlað er að framkvæmdir við hana verði langt komnar þegar framkvæmdir við Hólasandslínu 3 hefjast.

Til að uppfylla markmið framkvæmdarinnar er miðað við að hitaflutningsmörk línunnar verði að lágmarki 550 MVA og línan rekin á 220 kV spennu. Markmiðin eru sett með framtíðarþörf fyrir flutningsgetu að leiðarljósi, en reiknað er með 50 ára líftíma framkvæmdarinnar og horft til þess tímaramma þegar þörf á flutningsgetu er metin.

Framkvæmdin hefur jákvæð áhrif á afhendingu raforku á skilgreindu forgangssvæði samkvæmt þingsályktun Nr. 26/148 um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku.

4.5.1 UMFANG JARÐSTRENGSLANGNA Í MEGINFLUTNINGSKERFINU Á NORÐURLANDI

Landsnet hefur unnið greiningu á mögulegri lengd jarðstrengja í nýju meginflutningskerfi á Norðurlandi [9]. Í greiningunum var miðað við að flutningsgeta jarðstrengskaflanna væri sambærileg við flutningsgetu loftlínuhlutanna, eða 550 MVA. Niðurstaða þeirrar greiningar er að hámarkslengd jarðstrengs í Blöndulínu 3 sé um 10 km, fyrir Hólasandslínu 3 væri um að ræða 12 km og u.þ.b. 15 km á Kröflulínu 3. Vert er að hafa í huga að lengd jarðstrengs í einni línu í samtengdu kerfi fyrirhugaðra 220 kV lína meginflutningskerfisins hefur áhrif á mögulegar jarðstrengslagnir í hinum línunum og lagning strengs á einum stað getur takmarkað lengd strengkafla innan annarra lína. Auk þessa eru samverkandi áhrif milli spennustiga og milli flutnings- og dreifikerfa. Þetta þýðir að jarðstrengslagnir á einu spennustigi hafa áhrif á mögulegar strenglagnir á öðrum spennustigum. Til að mynda hafa jarðstrengslagnir í flutningskerfinu áhrif á það hversu mikið er hægt að leggja af jarðstrengjum í undirliggjandi dreifikerfi. Þetta gildir einnig í hina áttina.

...

Með tilliti til áætlaðs jarðstrengs í Eyjafirði, sem takmarkar enn frekar strenglagnir annars staðar í kerfinu og leiðir til þess að eingöngu gæti verið um stutta kafla að ræða, telur Landsnet eðlilegra að umhverfismat einstakra framkvæmda, verði notað til að draga fram þau svæði þar sem mestur staðbundinn ávinningur fælist í mögulegum strenglögnum.⁴

Athugasemd/skýring: Greining í kafla 4.5.1 í kerfisáætlun er frá árinu 2017, þ.e. áður en teknar voru ákvarðanir um það hvort og þá hversu langir kaflar af Kröflulínu 3 og Hólasandslínu 3 yrðu lagðir í jörðu. Nú liggur fyrir samþykkt Orkustofnunar á Kröflulínu 3 og Hólasandslínu 3, þar sem gert er ráð fyrir að

⁴ Kerfisáætlun Landsnets 2018-2017. Langtímaáætlun um þróun meginflutningskerfis raforku.

Kröflulína 3 verði byggð sem loftlína (122 km) og Hólasandslína 3 (um 72 km) verði lögð sem jarðstrengur á tæplega 10 km kafla næst Rangárvöllum á Akureyri og loftlína þaðan á Hólasand. Eins og fram kemur í tilvísuðum texta kaflans þá getur lengd jarðstrengs í einni línu í samtengdu kerfi fyrirhugaðra lína (Blöndulínu 3, Hólasandslínu 3 og Kröflulínu 3) takmarkað lengd jarðstrengskafla innan hinna línanna.

Í áformaðri breytingu á svæðisskipulagi er gert ráð fyrir Hólasandslínu 3 og Blöndulínu 3.

3.4 NÁTTÚRUVERNÐ

Hér er gerð grein fyrir náttúruvernd á leiðum Blöndulínu 3 og Hólasandslínu 3. Heimild: Vefur Umhverfisstofnunar, www.ust.is.

3.4.1 FÓLKVANGAR

Fólkvangar eru svæði sem eru friðlýst af frumkvæði sveitarfélaga. Megin markmiðið með friðlýsingu fólkvanga er að vernda landsvæði til útivistar og almenningsnota og skal verndunin taka mið af því að auðvelda almenningi aðgang að náttúru og tengdum menningarminjum í nánd við þéttbýli til útivistar, náttúruskoðunar og fræðslu.

FÓLKVANGUR Á GLERÁRDAL

Hluti Glerárdals var friðlýstur sem fólkvangur þann 6. júní 2016. Glerárdalur ber þess merki að vera mótaður af jöklum og eru þar fjölbreyttar berggerðir. Auk þess má þar finna steingerðar plöntuleifar, surtarbrand og kísilrunninn trjávið.

Markmið friðlýsingarinnar er að vernda Glerárdal og aðliggjandi fjalllendi til útivistar fyrir almenning, náttúruskoðunar og fræðslu. Friðlýsingin verndar auk þess land sem er að mestu ósnortið með fjölbreyttum jarðmyndunum og gróðurfari, og er þannig stuðlað að varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni og breytileika jarðmyndana.

Fólkvangur í Glerárdal er 74,4 km² að stærð.

HRAUN I ÖXNADAL

Hraun í Öxnadal var friðlýst sem fólkvangur árið 2007. Markmiðið með friðlýsingu hluta jarðarinnar Hrauns í Öxnadal er að vernda svæðið til útivistar, náttúruskoðunar og fræðslu. Verndargildi svæðisins byggir á því að landslag og náttúrufar, sérstaklega jarðmyndanir, eru mjög fjölbreytt og eru þar m.a. mikilvægar minjar um horfna búskaparhætti.

Markmið friðlýsingarinnar er jafnframt að auðvelda umgengni og kynni af menningarminjum og bókmenntaarfi þjóðarinnar, en þar fæddist skáldið og náttúrufræðingurinn Jónas Hallgrímsson.

Stærð fólkvangsins er 2286,3 ha.

KROSSANESBORGIR, FÓLKVANGUR (507)

Krossanesborgir voru friðlýstar sem fólkvangur árið 2005. Markmiðið er að vernda svæðið til útivistar almennings, náttúruskoðunar og fræðslu. Auk þess er verndaður mikilvægur varpstaður fjölda fuglategunda, búsvæði sjaldgæfra plöntutegunda og sérstæðar jarðmyndanir og þannig stuðlað að varðveislu líffræðilegrar og jarðfræðilegrar fjölbreytni.

Stærð fólkvangsins er 114,8 ha.

3.4.2 AÐRAR NÁTTÚRUMINJAR

FJALLENDIÐ MILLI SKAGAFJARÐAR OG EYJAFJARÐAR (501)

Hálendi milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar norðan Þjóðvegur nr. 1 á Öxnadalshéiði. Á vestanverðum skaganum eru mörk miðuð við 200 m h.y.s, mörk ná víðast í sjó fram á norðanverðum skaganum og á austanverðum skaganum eru mörk í 150-250 m h.y.s. Hálendur og hrikalegur skagi með djúpum dölum, stórbrotið land. Á hæstu fjöllum eru jöklar. Um hálendið liggja fornar leiðir milli byggða.

HRAUNSVATN OG VATNSDALUR, [HÖRGÁRSVEIT] (505)

Svæðið nær yfir vatnasvið Vatnsdals auk Hraunshrauns og Hólahóla allt niður að brekkurótum milli Hrauns og Bessahlaða. Fjölbreytt og fagurt land með stöðuvötnum, stórum framhlaupum og sérkennilegum klettadröngum, svo sem Hraundrangur.

ATH. Svæðið fellur að stórum hluta saman við fólkvanginn á Hrauni í Öxnadal.

GLERÁRGIL AKUREYRI (509).

Árgil Glerár frá Bandagerðisbrú við Sólvelli, upp gilið að ármótum Glerár og Hlífár. Gróðurrikt gil, skógarlundir, fjölbreyttar árrofsmyndanir, fossar, skessukatlar og skútar. Söguminjar.

Efri hluti svæðisins fellur undir fólkvang á Glerárdal.

HÓLMARNIR, AKUREYRI, EYJAFJARÐARSVEIT (510).

Óshólmar Eyjafjarðarár ásamt fjörum og flæðimýrum beggja vegna árinna suður á móts við suðurodda Staðareyjar. Marflöt flæðilönd, árhólmar, kvíslar og leirur. Mikið fuglalíf, sérstætt gróðurfar.


Hólmarnir eru skilgreindir sem hverfisverndarsvæði í aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar og er hverfisverndarsvæðið stærra til austurs en skv. afmörkun náttúruminjaskrár. Í aðalskipulagi Akureyrar er verndarsvæðið afmarkað þrengra en í náttúruminjaskrá vegna Akureyrarflugvallar.

3.4.3 ÖNNUR NÁTTÚRUVERND Á SKIPULAGSSVÆÐI SVÆÐISSKIPULAGSINS

Eftirtalin svæði og náttúruvætti á náttúruminjaskrá eru innan skipulagssvæðisins en utan áhrifasvæðis Blöndulínu 3 og Hólasandslínu 3.

- Fólkvangur í Böggvisstaðafjalli, Dalvíkurbyggð.
- Friðland í Svarfaðardal, Dalvíkurbyggð.
- Hverastrýtur í Eyjafirði undan Víkurhólum Grýtubakkahreppi og norðan Arnarness í Hörgársveit.
- Hörgárósar, Hörgársveit (506).
- Sauðakotsrípill á Ufsaströnd, Dalvík (502).
- Hólsrípill á Ufsaströnd, Dalvík (503).
- Hrísey (504).
- Leyningshólar og Hólahólar (509).
- Grímsey (511).
- Skaginn milli Eyjafjarðar og Skjálfanda (512).
- Lónin og Laufáshólmar (513).
- Ólafsfjarðarvatn (539).

Í aðalskipulagi Akureyrar og Eyjafjarðarsveitar eru skilgreind hverfisverndarsvæði vegna náttúruverndar, sem taka ber tillit til við mat skipulags- og útfærslukosta. Á hugsanlegum línuleiðum Blöndulínu 3 eru hverfisverndarsvæði í Naustafloá á Akureyri og Möðrufellshraun í Eyjafjarðarsveit.



Mynd 1. Náttúruvernd á línuleiðum Blöndulínu 3 og Hólasandslínu 3 innan skipulagssvæðisins.

Hólasandslína 3 (jarðstrengur) verður lögð á nýrri strengjabrú yfir yfir Glerárgil sem er á náttúruminjaskrá og innan fólkvangsins á Glerárdal. Línan mun liggja um Hólmana sem eru á náttúruminjaskrá (aðrar náttúruminjar) og njóta hverfisverndar í aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar. Lagning jarðstrengs um fjögur náttúruverndarsvæði talin hafa nokkuð neikvæð áhrif á verndargildi náttúruverndarsvæða í Eyjafirði.

Valkostir sem skoðaðir verða vegna leiðavals fyrir Blöndulínu 3 geta legið um svæði 501 á náttúruminjaskrá, fjallendið milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar, fólkvanginn á Glerárdal og hverfisverndarsvæði Möðrufellshrauns. Einn valkostur liggur nálægt jaðri svæðis 501 en fjarri öðrum verndarsvæðum.

3.5 STEFNA STJÓRNVALDA UM LAGNINGU RAFLÍNA

3.5.1 ÞINGSÁLYKTANIR UM STEFNU STJÓRNVALDA UM LAGNINGU RAFLÍNA.

ÞINGSÁLYKTUN 2015

Alþingi samþykkti 28. maí 2015 eftirfarandi þingsályktun. Hér er sleppt þeim atriðum, sem ekki eiga við viðfangsefni svæðisskipulagsins.

Alþingi ályktar að við uppbyggingu dreifi- og flutningskerfis raforku, þ.m.t. við gerð kerfisáætlunar, verði stefna sú sem fram kemur í þingsályktun þessari höfð að leiðarljósi að því er varðar þau álitamál hvenær leggja skuli raflínur í jörð og hvenær reisa þær sem loftlínur, auk annarra atriða.

1. Viðmið varðandi lagningu raflína.

Alþingi ályktar að eftirfarandi viðmið og meginreglur verði lagðar til grundvallar við uppbyggingu á dreifi- og flutningskerfi raforku:

1.1. Lágspennt dreifikerfi raforku.

...

1.2. Landshlutakerfi raforku.

...

1.3. Meginflutningskerfi raforku.

Í meginflutningskerfi raforku skal meginreglan vera sú að notast sé við loftlínur nema annað sé talið hagkvæmara eða æskilegra, m.a. út frá tæknilegum atriðum eða umhverfis- eða öryggissjónarmiðum. Með tilliti til umhverfis- og öryggissjónarmiða skal meta í hverju tilviki fyrir sig hvort rétt sé að nota jarðstrengi á viðkomandi línuleið, eða afmörkuðum köflum hennar, á grundvelli eftirfarandi viðmiða sem réttlæta þá að dýrari kostur sé valinn:

1. Ef línuleið er innan skilgreinds þéttbýlis, sbr. skilgreiningu á þéttbýli í 2. gr. skipulagslaga, nr. 123/2010.
2. Ef línuleið er innan friðlands sem verndað er sökum sérstaks landslags, sbr. 53. gr. laga nr. 44/1999, um náttúruvernd.
3. Ef línuleið er við flugvöll þar sem sýnt er að loftlína geti haft áhrif á flugöryggi.
4. Ef línuleið er innan þjóðgarðs.
5. Ef línuleið er innan friðlands sem verndað er af öðrum sökum en sérstaks landslags, sbr. 53. gr. laga nr. 44/1999, um náttúruvernd.

Í framangreindum tilvikum skal meta hve langan jarðstreng er tæknilega mögulegt að vera með á viðkomandi stað í meginflutningskerfinu, kostnað og hvaða áhrif útfærslan hefur á afhendingaröryggi og gæði raforku. Ef í framangreindum tilvikum kostnaður við að leggja jarðstreng er ekki meiri en tvisvar sinnum kostnaður við loftlínu á viðkomandi kafla skal miða við að leggja jarðstreng, nema ef ekki er talið tæknilega mögulegt að leggja jarðstreng eða ef loftlína er í umhverfismati talin betri kostur á grundvelli umhverfissjónarmiða. Við samanburð á kostnaði skal miða við núvirtan stofnkostnað. Reglan um hámarkskostnaðarmun gildir þó ekki þegar um er að ræða skilgreint þéttbýli eða friðland sem verndað er sökum sérstaks landslags

eða að teknu tilliti til flugöryggis, sbr. 1.–3. tölul. Taka skal mið af afhendingaröryggi raforku og kostnaði við að tryggja það.

1.4. Markmið um hlutfall jarðstrengja árin 2020, 2025 og 2035.

Við uppbyggingu og þróun flutningskerfis raforku skal stefnt að því að árið 2020 verði samanlagt heildarhlutfall jarðstrengja í landshluta- og meginflutningskerfi raforku á 11 kV spennustigi eða hærra orðið a.m.k. 50% af lengd raflína, 65% árið 2025 og 80% árið 2035. Náist þessi markmið ekki skal endurskoða þingsályktun þessa.

1.5. Önnur atriði.

Til viðbótar við framangreint skal hafa eftirfarandi sjónarmið að leiðarljósi við uppbyggingu dreifi- og flutningskerfis raforku:

1. Við val á línuleið fyrir raflínur skal forðast eins og kostur er röskun friðlýstra svæða og svæða sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999, um náttúruvernd.
2. Leita skal leiða til að draga úr sjónrænum áhrifum með þróun nýrra flutningsmannvirkja sem falla betur að umhverfinu og velja stæði þannig að sjónræn áhrif eða önnur umhverfisáhrif séu sem minnst.
3. Leitast skal við að halda línugötum í lágmarki og raska ekki ósnortnu svæði ef aðrar lausnir koma til greina, m.a. með tilliti til kostnaðar og umhverfisáhrifa.
4. Jarðstrengi skal svo sem kostur er leggja meðfram vegum.
5. Nýta skal núverandi línustæði við lausnir á aukinni flutningsþörf ef aðstæður leyfa, með endurbyggingu og/eða spennuhækkun, fjölgun eða stækkun leiðara á línunum eða öðrum þekktum aðferðum.
6. Afhendingaröryggi skal metið samhliða sem og kostnaður við að tryggja það.
7. Horfa skal til styrkingar og uppbyggingar raforkukerfisins með tilliti til þarfa allra landsmanna.
8. Tryggja skal að flutningstakmarkanir hafi ekki áhrif á aðgengi og að horft verði til viðskiptahagsmuna.
9. Tryggja skal, eins og kostur er, hagkvæmt flutnings- og dreifiverð til raforkukaupenda.

2. Vörugjöld af raflínum.

Alþingi ályktar að afnumið verði með breytingu á lögum það misræmi sem er á vörugjöldum af jarðstrengjum og loftlínunum þannig að tryggt sé að slíkir þættir hafi ekki áhrif á þá leið sem valin er við útfærslu framkvæmda í flutningskerfinu.

3. Auknar rannsóknir.

Alþingi ályktar að gerðar verði frekari rannsóknir á þjóðhagslegri hagkvæmni þess að aukið hlutfall flutningskerfis raforku verði haft í jörðu, með tilliti til raforkuverðs til heimila og atvinnulífs, afhendingaröryggis, byggðapróunar, tæknilegra lausna og umhverfiskostnaðar. Eftir því sem niðurstöður slíkra rannsókna gefa tilefni til skal endurskoða og uppfæra stefnu stjórnvalda um lagningu raflína.

ÞINGSÁLYKTUN 2018

Alþingi samþykkti 11. júní 2018 eftirfarandi þingsályktun nr. 26/148 um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku. Hér er sleppt þeim atriðum, sem ekki eiga við viðfangsefni svæðisskipulagsins.

Alþingi ályktar, sbr. 39. gr. a raforkulaga, nr. 65/2003, að við uppbyggingu flutningskerfis raforku, þ.m.t. við gerð kerfisáætlunar, verði stefna sú sem fram kemur í þingsályktun þessari höfð að leiðarljósi.

A. Almenn atriði er varða uppbyggingu flutningskerfis raforku.

Eftirfarandi skal lagt til grundvallar við uppbyggingu á flutningskerfi raforku:

1. Flutningskerfi raforku er hluti af grunninnviðum samfélagsins, með sambærilegum hætti og samgöngu- og fjarskiptainnviðir, og ein af mikilvægum forsendum fjölbreyttrar atvinnu- og byggðapróunar.
2. Tryggja ber að flutningskerfið geti á hverjum tíma mætt þörfum raforkunotenda og stuðlað að þeim þjóðhagslegu markmiðum sem fram koma í raforkulögum.
3. Treysta skal flutningskerfið betur, tengja betur lykilsvæði og tryggja afhendingaröryggi raforku um land allt. Skulu Eyjafjarðarsvæði, Vestfirðir og Suðurnes vera sett í forgang.
4. Skoða skal að hve miklu leyti megi nýta jarðstrengi með hagkvæmum hætti við uppbygginguna. Ekki verði ráðist í línulagnir yfir hálendið.
5. Gæta skal jafnvægis milli efnahagslegra, samfélagslegra og umhverfislegra áhrifa við uppbygginguna.
6. Standa skal að uppbyggingunni á opinn og fyrir fram skilgreindan hátt innan ramma kerfisáætlunar, þar sem valkostagreiningar eru lagðar til grundvallar.
7. Styrking og uppbygging á flutningskerfinu skal miða að því að auka afhendingaröryggi raforku á landsvísu með sérstakri áherslu á þau landsvæði sem búa við skert orkuöryggi. Þá skulu möguleikar til fjölbreyttrar atvinnusköpunar á landsvísu hafðir að leiðarljósi við uppbygginguna. Allir afhendingarstaðir í meginflutningskerfinu skulu árið 2030 vera komnir með tengingu sem tryggi að rof á stakri einingu valdi ekki takmörkunum á afhendingu eða afhendingarrofi. Allir afhendingarstaðir í svæðisbundnum hlutum flutningskerfisins skulu árið 2040 vera komnir með tengingu sem tryggi að rof á stakri einingu valdi ekki takmörkunum á afhendingu eða afhendingarrofi. Fram að þeim tíma skal leitast við að tryggja afhendingaröryggi fyrir svæðisbundin flutningskerfi með afli innan svæðis.
8. Tryggja skal að flutningskerfið mæti þörfum fyrir aukin orkuskipti í samgöngum og haftengdri starfsemi, m.a. að því er varðar innviði fyrir rafbíla, notkun raforku í höfnum og raforku til fiskimjölsbræðslna.
9. Þegar framkvæmd í flutningskerfinu tekur til fleiri en eins sveitarfélags skal tryggja að ákvarðanir um einstaka jarðstrengskafla, þegar það á við, byggist á heildstæðu mati á þeim hluta flutningskerfisins þar sem lengd jarðstrengskafla er háð takmörkunum og innbyrðis háð. Í slíkum tilvikum skal miða að því að jarðstrengskaflar séu nýttir á þeim svæðum þar sem jarðstrengur hefur í för með sér mestan ávinning umfram loftlínu.
10. Við val á línuleið fyrir raflínur skal gæta að verndarákvæðum friðlýstra svæða samkvæmt lögum um náttúruvernd, svæða sem njóta verndar samkvæmt sérlögum og réttaráhrifum skráningar á náttúruminjaskrá skv. 37. gr. laga um náttúruvernd. Forðast ber einnig að raska, nema brýna nauðsyn beri til, svæðum sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd.

- 11 Við uppbygginguna skal tryggja, eins og kostur er, hagkvæmt flutnings- og dreifiverð til allra raforkunotenda.
- 12 Leita skal leiða til að draga úr sjónrænum áhrifum með þróun nýrra flutningsmannvirkja sem falla betur að umhverfinu og velja stæði þannig að sjónræn áhrif eða önnur umhverfisáhrif séu sem minnst. Leitast skal við að raska ekki ósnortnu svæði ef aðrar lausnir koma til greina.
- 13 Jarðstrengi skal svo sem kostur er leggja meðfram vegum.
- 14 Nýta skal núverandi línustæði við lausnir á aukinni flutningsþörf ef aðstæður leyfa, með endurbyggingu og/eða spennuhækkun, fjölgun eða stækkun leiðara á línunum eða öðrum þekktum aðferðum.
- 15 Afhendingaröryggi raforku skal metið við valkostagreiningu, sem og kostnaður við að tryggja það.
- 16 Tryggja skal raforkudreifingu og raforkuöryggi með tilliti til mögulegra náttúruhamfara.

Áformuð breyting á svæðisskipulagi er í samræmi við stefnu stjórnvalda um lagningu raflína. Hlutfall jarðstrengja umfram það sem þegar liggur fyrir verður ákvarðað í aðalskipulagi sveitarfélaga og hönnun að teknu tilliti til mats á umhverfisáhrifum framkvæmda.

Unnið er að stefnumótun um uppbyggingu raforkukerfisins, sem hugsanlega mun koma í stað ofangreindra þingsályktana.

3.5.2 STJÓRNARSÁTTMÁLI 2017

Í stjórnarsáttmála þeirra ríkisstjórnar sem tók við stjórnartaumum 30. nóvember 2017 segir um dreifikerfi raforku:

Byggðamál

Flutnings- og dreifikerfi raforku verður að mæta betur þörfum atvinnulífs og almennings alls staðar á landinu. Uppbygging kerfisins getur stutt við áætlanir um orkuskipti sem miða að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, t.d. með því að hraða þrífösun rafmagns, með varmadæluvæðingu á köldum svæðum, innviðum fyrir rafbíla og rafvæðingu hafna.

Umhverfis- og auðlindamál

Forgangsverkefni ríkisstjórnarinnar verður að nýta með sem hagkvæmustum hætti þá orku sem þegar hefur verið virkjuð. Í þeim tilgangi þarf að treysta betur flutnings- og dreifikerfi raforku í landinu, tengja betur lykilsvæði og tryggja afhendingaröryggi raforku um land allt. Skoðað verði að hve miklu leyti má nýta jarðstrengi í þessar tengingar með hagkvæmum hætti. Ekki verður ráðist í línulagnir yfir hálendið.

Stefnt er að hagkvæmri orkunýtingu með því að treysta flutnings- og dreifikerfi raforku í landinu og tryggja afhendingaröryggi raforku á um allt land.

3.6 AÐRAR ÁÆTLANIR

3.6.1 ORKUSTEFNA FYRIR ÍSLAND

Fyrir liggur tillaga stýrihóps um Orkustefnu fyrir Ísland frá nóvember 2011 sem lögð var fyrir Alþingi. Ekki verður séð að stefnan hafi holtið formlegt gildi. Í henni eru m.a. eftirtalin atriði:

Leiðarljós:

Að orkubúskap Íslands verði hagað með sjálfbærum hætti, samfélaginu og almenningi til hagsbóta.

Meðal meginmarkmiða er:

Orkuþörf almennings og almenns atvinnulífs verði mætt með öruggum hætti til lengri og skemmri tíma.

Markmið: Að landsmenn búi við fullnægjandi afhendingaröryggi raforku, sem skilgreint verði á samræmdan hátt.

Leiðir: Kröfur um lágmarks afhendingaröryggi raforku verði skilgreindar í lögum og/eða reglugerðum.

Flutnings- og dreifikerfi verði áfram styrkt til að auka afhendingaröryggi.

Ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, hefur skipað starfshóp sem vinna á að orkustefnu fyrir Ísland. Þess er vænst að tillaga hópsins verði lögð fram til umræðu á Alþingi í byrjun árs 2020.

Stefnan er ósamþykkt tillaga. Gefur ekki tilefni til ályktunar.

3.6.2 SÓKNARÁÆTLUN NORÐURLANDS EYSTRÁ 2015-2019

Í Sóknaráætlun fyrir Norðurland eystra 2015-2019 eru eftirtalin atriði stærstu hagsmunamál landshlutans í heild:

- 1 Millilandaflug um Akureyrarflugvöll
- 2 Fjarskipti – ljósleiðari
- 3 Dreifikerfi raforku

Áformuð breyting á svæðisskipulagi tekur á einum af þrem helstu hagsmunamálum landshlutans sem tilgreindir eru í stefnunni.

3.6.3 ÁLYKTUN EYÞINGS 2017

Á aðalfundi Eyþings, sambands sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, sem haldinn var 10. og 11. nóvember 2017 var eftirfarandi ályktun samþykkt:

Orkumál

Ástand í orkumálum á Norðurlandi eystra er algjörlega óviðunandi. Ráðast þarf í stóratök í endurnýjun og styrkingu dreifikerfis raforku landsins til að bæta samkeppnisstöðu atvinnulífs í landshlutanum. Mikilvægt er að stjórnvöld skýri reglur og markmið og stuðli að betri sátt um uppbyggingu dreifikerfis raforku.

Áformuð breyting á svæðisskipulagi snýst um meginatriði ályktunarinnar.

3.6.4 BÓKUN BÆJARSTJÓRNAR AKUREYRAR 18. JÚNÍ 2019

Þann 18. júní 2019 samþykkti bæjarstjórn Akureyrar eftirfarandi bókun:

9 Landsnet - kerfisáætlun 2019-2028

Bæjarstjórn Akureyrar leggur áherslu á að auka afhendingaröryggi og bæta flutningsgetu rafmagns á Norður- og Austurlandi til styrkingar atvinnulífs og samfélagsins til langs tíma. Samhliða lagningu Hólasandslínu 3 er því mikilvægt að ná fram frekari styrkingu flutningskerfis með lagningu Blöndulínu 3 og koma á tryggri tengingu milli Blönduvirkjunar, virkjana í Þingeyjarsýslum og Fljótsdalsvirkjunar.

Landþrengsli í Eyjafirði hafa sett flutningsmannvirkjum raforku nokkrar skorður. Akureyrarbær hefur átt í farsælu samstarfi við Landsnet um lausnir vegna Hólasandslínu 3, þar sem horft er til hagsmuna og þróunar þéttbýlis, útivistarsvæða og flugvallar.

Akureyrarflugvöllur er mikilvægt samgöngumannvirki þar sem áhersla er lögð á hámarksöryggi. Frekari umbætur á aðflugi eru fyrirhugaðar á næstu misserum, sem bæta aðgengi og auka öryggi.

Kröflulína 1 liggur í dag skammt sunnan flugvallar. Hún er innan skilgreindra hindrana og öryggisflata og hefur ráðandi áhrif á lágmörk í aðflugi.

Þekkt er að háspennulínur hafi truflandi áhrif á flugleiðsögubúnað í nágrenni við flugvelli. Kröflulína 1 liggur innan öryggissvæða til varnar slíkum búnaði, samkvæmt skilgreiningu erlendra samgönguyfirvalda.

Bæjarstjórn Akureyrar hvetur því Landsnet til þess að finna lausn sem tryggir að raflínur hafi ekki truflandi áhrif á flugöryggi við Akureyrarflugvöll.

Áformuð breyting á svæðisskipulagi tekur mið af flugöryggi við Akureyrarflugvöll. Ákvarðanir um meginatriði í þessu sambandi hafa þegar verið teknar á öðrum vettvangi í samræmi við gildandi stefnu svæðisskipulagsins. Í breytingartillögunni er lagt til að Kröflulína 1 verði lögð í jörð sunnan flugvallarins á skipulagstímabilinu.

3.7 ÖNNUR GÖGN

3.7.1 ÖRYGGISMÁL AKUREYRARFLUGVALLAR

Skipulagsreglur fyrir Akureyrarflugvöll voru samþykktar 2011. Þar eru m.a. skilgreind hindranasvæði með hæðartakmörkunum umhverfis flugvöllinn.⁵ Kröflulína 1 er ráðandi hindrun innan skilgreindra hindrana og öryggissvæða í aðflugi Akureyrarflugvallar og hækkar lágmörk í blindflugi.

Unnið hefur verið að undirbúningi Hólasandslínu 3 um árabíl. Áform og útfærslur hafa breyst og var um tíma lagt til að hún færi sem loftlína þvert yfir Eyjafjörð skammt sunnan Akureyrarflugvallar. Áhætta af slíkri línu var metin á grundvelli gagna frá Landsneti 2012 og 2013. Nú er miðað við að línan fari í jörð frá tengivirki á Rangárvöllum og austur fyrir flugvöllinn til þess að tryggja hámarksöryggi, sem ekki næst með loftlínunum sbr. niðurstöður áhættumats.

Í Svæðisskipulagi Eyjafjarðar 2008-2025 er eftirfarandi markmið:

Legga og gerð flutningslína raforku skal taka mið af umhverfi, flugöryggi og verndun góðs ræktunarlands.

Í Aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030 og Aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2018-2030 er gert ráð fyrir að Hólasandslína 3 verði lögð sem jarðstrengur frá Rangárvöllum suður fyrir flugvöllinn, upp fyrir ræktarlönd austan Eyjafjarðarar en þaðan verði loftlína yfir Bíldsárskarð.

⁵<https://www.isavia.is/fyrirtaekid/vidskiptavinir/akureyrarflugvollur/upplýsingar-um-flugvollinn/skipulagsreglur>

Svæðisskipulagsnefnd lagði í upphafi áherslu á að við skoðun og val skipulagskosta yrði á öllum stigum miðað við hámarksöryggi Akureyrarflugvallar sem millilandaflugvallar t.d. hvað varðar aðflug. Nefndin taldi að miðað við niðurstöður þeirra skýrsla sem gerðar voru um loftlínur sunnan Akureyrarflugvallar yrði hámarksöryggi ekki náð nema með jarðstreng. Í tillögu að breyttu svæðisskipulagi er því einnig sett stefna um að Kröflulína 1 verði lögð í jörð sunnan flugvallarins á skipulagstímabilinu.

Áformuð breyting á svæðisskipulagi tekur mið af flugöryggi við Akureyrarflugvöll. Ákvarðanir um meginatriði í þessu sambandi hafa þegar verið teknar á öðrum vettvangi í samræmi við gildandi stefnu svæðisskipulagsins.

4 ÁHRIF Á UMHVERFI OG SAMFÉLAG

Umhverfismat svæðisskipulagsáætlunar vísar annars vegar í fyrirbyggjandi mat á umhverfisáhrifum Hólasandslínu 3 og hins vegar í fyrirhugað mat og valkostagreiningu fyrir Blöndulínu 3.

4.1 HÓLASANDSLÍNA 3

Áhrif Hólasandslínu 3 á umhverfið hafa verið metin og liggur fyrir matsskýrsla Landsnets frá mars 2019. Einnig liggur fyrir álit Skipulagsstofnunar um matið, dagsett 19. september 2019. Þar sem mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar liggur fyrir verður matið ekki endurtekið í svæðisskipulagi.

Hólasandslína 3 mun liggja milli Akureyrar og Hólasands. Markmið með framkvæmdinni er að bæta orkunýtingu, auka flutningsgetu og tryggja stöðugleika raforkukerfisins á Norður- og Austurlandi. Framkvæmdin er mikilvæg fyrir flutningskerfi landsins í heild sem hlekkur milli sterkari hluta kerfisins á suðvesturhorninu og veikari hluta þess á Austurlandi.

Í matsskýrslu er lagt mat á umhverfisáhrif átta valkosta við aðalvalkost, bæði loftlínu- og jarðstrengs-kosti. Niðurstaða matsins er að heildaráhrif framkvæmdarinnar verði talsvert neikvæð á gróður, nokkuð neikvæð á fugla, landslag og ásýnd, útivist og ferðamennsku en lítil eða engin á aðra umhverfisþætti.

Í Eyjafirði er framkvæmdin talin hafa mest áhrif á gróður, eða talsvert neikvæð. Hún kemur til með að raska um 19 ha lands, þar af 2,4 ha votlendis sem nýtur verndar og um 4 ha af vistgerðum með mjög hátt verndargildi. Með vönduðum frágangi ætti að vera hægt að endurheimta gróður á stórum hluta þess svæðis sem raskast við lagningu jarðstrengs.

Framkvæmdin raskar búsvæðum fugla og truflar þá á framkvæmdatíma. Framkvæmdin hefur einnig nokkuð neikvæð áhrif á vatnalíf þar sem farvegi Eyjafjarðarar verður raskað tímabundið við lagningu jarðstrengs. Ekki er talið að framkvæmdin hafi áhrif á komur ferðamanna á svæðið en hún getur haft í för með sér truflun á framkvæmdatíma og staðbundin neikvæð áhrif á upplifun útivistarfólks nærri Bíldsárskarði. Framkvæmdin er talin geta haft áhrif á 7 af 21 skráðri fornleif. Þannig mun hún að óbreyttu raska hluta af þjóðleið í Bíldsárskarði og mögulega tveim vörðum á efnistökuastað í skarðinu. Línuleiðin liggur jafnframt innan friðhelgunarsvæðis fjögurra annarra minja. Loks er lagning jarðstrengs um fjögur náttúruverndarsvæði talin hafa nokkuð neikvæð áhrif á verndargildi náttúruverndarsvæða í Eyjafirði. Aðalvalkostur er talinn hafa lítil eða engin áhrif á aðra umhverfisþætti í Eyjafirði.⁶

4.2 BLÖNDULÍNA 3

Vinna er hafin við umhverfismat Blöndulínu 3. Þar verða ólíkir skipulagskostir metnir með hliðsjón af áhrifum á umhverfi og samfélag í samvinnu við heimamenn og sveitarstjórnir. Staðarvalsgreining verður því ekki unnin á svæðisskipulagsstigi.

Blöndulína 3 mun hafa áhrif á umhverfi sitt. Loftlínur munu sjást og hafa áhrif á yfirbragð landsins hvar sem þær verða. Mastraplön, vegslóðar og efnistökusvæði hafa staðbundin áhrif á umhverfið, jarðmyndanir, landslag, dýralíf og gróður. Lagning jarðstrengja hefur tímabundin áhrif á umhverfið en gæti við bestu aðstæður falið í sér óveruleg eða engin áhrif á umhverfið til lengri tíma. Að öllum líkindum munu einhverjir línukostir liggja um skilgreind náttúruverndarsvæði eða svæði á

⁶ Landsnet, Efla verkfræðistofa. Mars 2019. Hólasandslína 3. 220 kV raflína frá Akureyri að Hólasandi. Matsskýrsla.

náttúruminjaskrá og afstaða þeirra til núverandi þjónustukerfa verður mismunandi. Enginn línukostur Blöndulínu 3 hefur áhrif á öryggi Akureyrarflugvallar. Línuleiðir munu liggja um byggðar sveitir og hafa áhrif á nálæg býli. Við greiningu og vinsun valkosta verður tekið mið af öryggispáttum, rekstrarþáttum, hagkvæmni, afstöðu til byggðar og verndarsjónarmiðum.

5 VÖKTUN OG MÓTVÆGISAÐGERÐIR

Í hönnun og við leyfisveitingar verða vöktunaráætlanir skilgreindar. Þær eru ekki hluti svæðisskipulagsákvæða.

Í breyttu svæðisskipulagi er sett fram stefna um mótvægisáðgerðir. Þar er m.a. stefnt að því að flýta lagningu flutningslína með lægri spennu (66 kV) í jörð og fækka þar með sýnilegum háspennulínum í sveitinni sem mótvægi við lagningu Blöndulínu 3. Mótvægisáðgerðir verða skilgreindar í hönnunarferli í samhengi við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda.

6 SAMANTEKT

Ákvæði um flutningslínur raforku í svæðisskipulagi eiga við framkvæmdir sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Þar með heyrir breyting á Svæðisskipulagi Eyjafjarðar 2012-2024, þar sem kafli um flutningslínur raforku er endurskoðaður, undir ákvæði laga um umhverfismat áætlana nr. 2015/2006. Umhverfisskýrsla, þar sem gerð er grein fyrir mati á umhverfisáhrifum áætlunarinnar, er hluti skipulagstillögunnar og fylgiskjal með tillögu þessari um breytingu á svæðisskipulaginu.

VIÐFANGSEFNI

Viðfangsefni umhverfisskýrslunnar er mat á breytingu á stefnu Svæðisskipulags Eyjafjarðar 2012-2024 um flutningslínur raforku, þ.e. endurnýjun Byggðalínu frá Blönduvirkjun að Kröflu; Blöndulínu 3 og Hólasandslínu 3. Gert er ráð fyrir að þær verði 220 kV línur, að mestu loftlínur og að hluta jarðstrengir. Línuleiðin liggur frá Öxnadalshéiði til Akureyrar, þaðan austur yfir Hólmana í Eyjafirði og loks yfir Vaðlaheiði yfir í Fnjóskadal. Línan liggur um sveitarfélögin Hörgársveit, Akureyrarkaupstað og Eyjafjarðarsveit.

Fyrir liggja skipulagsforsendur um legu og útfærslu Hólasandslínu 3 í staðfestu aðalskipulagi Akureyrar og aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar. Þar er gert ráð fyrir að línan verði lögð sem jarðstrengur frá tengivirki ofan Akureyrar suður fyrir Akureyrarflugvöll og upp fyrir byggð í Eyjafjarðarsveit en þaðan sem loftlína austur yfir Vaðlaheiði. Áhrif Hólasandslínu 3 á umhverfið hafa verið metin og liggur fyrir matsskýrsla Landsnets frá mars 2019. Einnig liggur fyrir álit Skipulagsstofnunar um matið, dagsett 19. september 2019. Þar sem mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar liggur fyrir er ekki gerð frekari grein fyrir valkostum eða ætluðum umhverfisáhrifum Hólasandslínu 3 í umhverfisskýrslunni.

Fyrir liggur að umhverfisáhrif Blöndulínu 3 verða metin í samhengi við valkostagreiningu, sem unnin verður í samvinnu við heimamenn, landeigendur og sveitarstjórnir. Á grunni þeirrar vinnu verður gerð og lega Blöndulínu 3 ákveðin í aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélaga. Ekki þarf að uppfæra eða breyta svæðisskipulagi vegna endanlegrar ákvörðunar um línuleið á aðalskipulagsstigi svo fremi sem hún verður í samræmi við stefnu svæðisskipulagsins um að Blöndulína 3 verði lögð milli tiltekinna endapunkta innan skipulagssvæðisins. Umhverfismat áætlunar og staðarvalsgreining verður því ekki unnin á svæðisskipulagsstigi.

TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

Í 2. kafla umhverfisskýrslu er gerð grein fyrir þeim ákvæðum, áætlunum og stefnuþlögum sem máli skipta og samhengi skipulagstillögunnar við þau.

HELSTU LAGAÁKVÆÐI

- Skipulagslög nr. 123/2010
- Lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006
- Raforkulög nr. 65/2003

SKIPULAGSÁÆTLANIR

- Landsskipulagsstefna
- Aðalskipulag sveitarfélaga

LANDSÁÆTLANIR

- Kerfisáætlun 2018-2027
- Kerfisáætlun 2019-2028

NÁTTÚRUVERNND

- Náttúruminjaskrá
- Aðalskipulag sveitarfélaga

STEFNA STJÓRNVALDA UM LAGNINGU RAFLÍNA

- Þingsályktanir um stefnu stjórnvalda um lagningu raflína.
- Stjórnarsáttmáli 2017

AÐRAR ÁÆTLANIR

- Orkustefna fyrir Ísland
- Sóknaráætlun Norðurlands Eystra 2015-2019
- Ályktun Eypings 2017
- Bókun bæjarstjórnar Akureyrar 18. júní 2019

ÖNNUR GÖGN

- Öryggismál Akureyrarflugvallar

Lagning flutningslínanna er í samræmi við markmið raforkulaga og landskipulagsstefnu um örugga afhendingu orku, stefnu um mannvirki í sátt við náttúru og umhverfi, hagkvæmni uppbyggingar og hagsmuni neytenda. Hólasandslína 3 er í samræmi við aðalskipulag Akureyrar og Eyjafjarðarsveitar en ákvörðun um gerð og legu Blöndulínu 3 þarf að staðfesta í aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélaga. Áætlunin er unnin í samræmi við ályktanir Alþingis um lagningu raflína, Kerfisáætlun 2018-2027, sóknaráætlun Norðurlands eystra 2015-2019 og ályktun Eypings 2017.

NIÐURSTAÐA

Helstu áhrif **Hólasandslínu 3** á umhverfið:

Í Eyjafirði er framkvæmdin talin hafa mest áhrif á gróður, eða talsvert neikvæð. Hún kemur til með að raska um 19 ha lands, þar af 2,4 ha votlendis sem nýtur verndar og um 4 ha af vistgerðum með mjög hátt verndargildi. Með vönduðum frágangi ætti að vera hægt að endurheimta gróður á stórum hluta þess svæðis sem raskast við lagningu jarðstrengs.⁷

Blöndulína 3 mun hafa áhrif á umhverfi sitt. Loftlínur munu sjást og hafa áhrif á yfirbragð landsins hvar sem þær verða. Mastraplön, vegslóðar og efnistökusvæði hafa staðbundin áhrif á umhverfið, jarðmyndanir, landslag, dýralíf og gróður. Lagning jarðstrengja hefur tímabundin áhrif á umhverfið en gæti við bestu aðstæður falið í sér óveruleg eða engin áhrif á umhverfið til lengri tíma. Nokkrir línukostir, sem skoðaðir verða, liggja um skilgreind náttúruverndarsvæði eða svæði á náttúruminjaskrá. Afstaða línukosta til núverandi þjónustukerfa er mismunandi. Enginn línukostur Blöndulínu 3 hefur áhrif á öryggi Akureyrarflugvallar. Línuleiðir liggja um byggðar sveitir og munu hafa áhrif á nálæg býli.

VÖKTUN OG MÓTVÆGISAÐGERÐIR

Í hönnun og við leyfisveitingar verða vöktunaráætlanir skilgreindar. Þær eru ekki hluti svæðisskipulagsákvæða.

Í breyttu svæðisskipulagi er sett fram stefna um mótvægisáðgerðir. Þar er m.a. stefnt að því að flýta lagningu flutningslína með lægri spennu (66 kV) í jörð og fækka þar með sýnilegum háspennulínum í sveitinni sem mótvægi við lagningu Blöndulínu 3. Þær línur eru í eigu RARIK. Einnig er lagt til að stefnt

⁷ Landsnet, Efla verkfræðistofa. Mars 2019. Hólasandslína 3. 220 kV raflína frá Akureyri að Hólasandi. Matsskýrsla.

verði að því að Rangárvallalína 1 (Byggðalína) verði lögð í jörðu eftir því sem aðstæður og tæknilegar forsendur leyfa.

Mótvægisáðgerðir verða mótaðar og skilgreindar í hönnunarferli í samhengi við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.